



Berist til: Fjölmíðlar, [almannavarnir.is](http://almannavarnir.is), stjórnsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

## STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 08.04.2020

Kl.: 16:00

Staðsetning: Samhæfingarstöð almannavarna/Embætti  
landlæknis/Sóttvarnalæknir,

### Neyðarstig vegna COVID-19

#### Framvindan

Upplýsingamiðlun, gerð leiðbeininga og ráðlegginga til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu [Embættis landlæknis](http://Embættis landlæknis) , [Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild](http://Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild) og upplýsingasíðunni [covid.is](http://covid.is)

#### Dregið úr takmörkunum á samkomum og skólalaldi frá 4. maí

Forsætisráðherra, heilbrigðisráðherra og dómsmálaráðherra kynntu á blaðamannafundi í dag næstu skref stjórnvalda vegna COVID-19. Heilbrigðisráðherra gerði þar grein fyrir ákvörðun sinni um tilslakanir á takmörkunum á samkomum og skólalaldi. Breytingarnar taka gildi 4. maí. Sóttvarnalæknir leggur því til að slakað verði á takmörkunum í skrefum sem endurskoðuð verði með þriggja til fjögurra vikna millibili. [Sjá nánar fréttatilkynningu stjórnarráðsins.](#)

#### Tölulegar upplýsingar fyrir Ísland

Fjöldi staðfesta smitaðra hér á landi er nú 1.720 og 723 eru í einangrun. Alls eru 1.375 innanlandssmit og ekki vitað um uppruna 8 smita. Samtals hafa um 36.339 sýni verið tekin, 851 síðasta sólarhring. Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru átta látnir.

[Skv. tölum Landspítalans](#) eru 37 á Landspítala með COVID-19 smit, þar af eru 7 á gjörgæslu og 4 í öndunarvél. 735 eru í eftirliti á Göngudeild COVID-19, þar af 82 börn í eftirliti Barnaspítala Hringins. Þá hefur 1014 einstaklingum batnað og 52 einstaklingar hafa verið útskrifaðir af spítalanum.

**Upplýsingafundur dagsins var felldur niður vegna blaðamannafundar forsætisráðherra, heilbrigðisráðherra og dómsmálaráðherra sem kynntu næstu skref stjórnvalda vegna COVID-19. Breytingarnar taka gildi 4. maí.**

#### Frá blaðamannafundinum:

**Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra** opnaði fundinn og sagði að Íslendingar hefðu frá upphafi beitt hörðum aðgerðum í alþjóðlegu samhengi. Þar vísaði hún til þess hversu margir hefðu verið greindir, smitakningar, sem eftir hefði verið tekið og beitingu sóttkvíar og einangrunar. „Við getum öll sagt að við þekkjum einhvern sem hefur verið í sóttkví eða við höfum verið þar sjálf,“ sagði Katrín. Með þessum hörðu aðgerðum hefði sá árangur náðst að smitum væri farið að fækka en sigurinn væri ekki í höfn. Katrín líkti stöðunni við fjallgöngu og sagði að nú væri síðasta brekkan eftir. Þá væri freistandi að borða nestið sitt og sleppa því að fara á annan tind en það væri ekki í boði. „Við verðum að klára að fara upp síðustu brekkuna og það þýðir 3 vikur til viðbótar af núverandi aðgerðum,“ sagði forsætisráðherra. Fram undan væri líka mótefnamæling sem vonast væri til að geti orðið í þessum mánuði sem mælir hversu útbreitt mótefnið er orðið og getur reynst mikilvægt framlag í rannsóknum og baráttunni gegn veirunni. Katrín sagði enn fremur að á leið upp á tind gæti hættan einnig verið að sú að maður flýti sér niður þegar upp er komið en þá renni maður á skriðunni og endi á nefinu. Í afléttingunni séu stigin fá en stór skref og úthald þurfi til að fara nægilega hægt niður brekkuna. Enn sé ekki nægilega mikið vita um veiruna, sem geri að verkum að við erum í óvissu um hegðan hennar og áhrif á samfélagið á þessu ári. Katrín sagði að lokum að stóra markmiðið væri að ná tökum á veirunni og að þjóðin gæti farið sameiginlega út úr takmörkunum og vísaði þar til eldri borgara og fólks á hjúkrunarheimilum.

**Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra** sagði að faraldurinn hefði verið mikið lærdómsferli fyrir okkur öll og álagspróf á innviði íslensks samfélags. „En af því að maður lærir líka af upplýsingafundum þríeykisins ætla ég að hrósa og þakka – þakka þríeykinu fyrir að standa í stafni og alltaf hress, það hlutverk hefur verið okkur öllum algjörlega ómetanlegt, að upplýsa frá degi til dags við hvað við eigum, að það eru ekki svör við öllu og hafa þrek og húmor til að tala kjark í þjóðina,“ sagði Svandís. Hún sagði þetta verkefni eitt það stærsta sem við höfum tekist á hendur sem samfélag. Ísland sé lítið land og við getum staðið saman þegar á móti blæs enda í návígi við náttúruógnir og hamfarir. Kórónuveiran sé ógn sem er ekki á okkar valdi og hún búi til tímalínuna. Svandís fór yfir minnisblað sitt um afléttingu takmarkana frá sóttvarnalækni. Hún sagði það hafa verið gæfu okkar hingað til að fara að ráðum okkar besta fólks og því yrði haldið áfram. „Við ætlum að treysta hvert öðru og þar með halda áfram að byggja næstu skref á trausti,“ sagði Svandís. Hún fór yfir helstu breytingar 4.5. næstkomandi

**Fjöldamörk samkomubanns** miðast við 50 einstaklinga í stað 20 áður. Reglur um tveggja metra fjarlægð haldast óbreyttar.

**Skólastarf í leik- og grunnskólum** verður með eðlilegum hætti.

**Í framhalds- og háskólum** gildir meginreglan um hámark 50 einstaklinga í sama rými.

**Ýmis þjónusta:** Hárgreiðslustofur, nuddstofur, sjúkráþjálfun, snyrtistofur, söfn og sambærileg starfsemi geta hafið starfsemi en halda skal 2 m fjarlægð milli viðskiptavina eins og kostur er.

**Heilbrigðisþjónusta:** Öll heilbrigðisstarfsemi sem ekki felur í sér valkvæðar skurðaðgerðir eða aðrar ífarandi aðgerðir verður heimil. Tannlækningar verða einnig heimilar.

**Skipulagt íþróttastarf barna á leik- og grunnskólaaldri verður heimilt utandyra með eftirfarandi takmörkunum:**

- Ekki fleiri en 50 einstaklingar verða saman í hóp.
- Halda skal tveggja metra fjarlægð eftir því sem það er unnt, einkum hjá eldri börnum.

**Annað skipulagt íþróttastarf er heimilt utandyra með eftirfarandi takmörkunum:**

- Ekki fleiri en fjórir einstaklingar æfa eða leika saman.
- Snertingar eru óheimilar og halda skal tveimur metrum á milli einstaklinga.
- Notkun á sameiginlegum búnaði skal haldið í lágmarki en annars skal sótthreinsa hann á milli notkunar.

**Nokkur atriði sem haldast óbreytt:**

- Undanþágur fyrir efnahagslega mikilvæg fyrirtæki verða óbreyttar.
- Líkt og hingað til verður heimilt að taka á móti 100 einstaklingum í matvöruverslunum og lyfjaverslunum hverju sinni að uppfylltum tilteknum skilyrðum.
- Sundlaugar og líkamsræktarstöðvar verða áfram lokaðar.
- Reglur um skemmtistaði, krár, spilaasali og svipaða starfsemi verða óbreyttar og slíkir staðir því áfram lokaðir.
- Fyrirmæli landlæknis frá 23. mars sl. um valkvæðar skurðaðgerðir eða aðrar ífarandi aðgerðir haldast óbreytt.

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra** sagði Almannavarnir hafa unnið mikið starf síðustu vikur, kerfið hefði virkað vel og góður árangur náðst en áfram yrði neyðarstig meðan einhverjar hindranir eru í gildi. Hún sagði ánægjulegt að skólastarf fari í gang aftur að fullu en allar takmarkanir og aðgerðir hafi gríðarleg áhrif. Alltaf þurfi að meta önnur áhrif, svo sem samfélagsleg og vísaði Áslaug þar m.a. til ofbeldismála, kvíða og depurðar í samfélaginu sem takast þurfi á við. Hún sagði að vilji væri til þess að skýra öll skref í aðgerðunum og mikið hefði verið lagt upp úr góðri upplýsingagjöf. Áslaug Arna ræddi ferðatakmarkanir og sagði ekki komnar fram tillögur um auknar takmarkanir. Ýmislegt væri í skoðun, en allt velti þetta á stöðu og viðbrögðum annarra ríkja. Ferðatakmarkanir á ytri landamærum Schengen væru í gildi og lagt hefði verið til að aðildarríkin framlengi þær til 15. maí og muni Ísland gera slíkt hið sama. Hún tók undir með forsætisráðherra og heilbrigðisráðherra með að aðdáunarvert hefði verið að fylgjast með viðbrögðum fólks og að þjóðin hefði staðið saman í baráttunni gegn vágestinum.

**Bórólfur Guðnason sóttvarnalæknir** fór yfir tölur dagsins um útbreiðslu veirunnar smit, sóttkví og einangrun. Hann fór yfir faraldurinn frá því að fyrsta smit greindist 28. febrúar en frá þeim tíma hafa 1720 greinst með Covid-smit og átta manns látist. Hápunkti í faraldrinum hefði verið náð fyrir um viku síðan en frá þeim tíma hefði hann farið niður jafnt og þétt. „Við getum þakkað það samfélagslegum aðgerðum og samtakamætti almennings, fyrirtækja og stjórnvalda,“ sagði Þórólfur. Hann sagði að þrátt fyrir að smit hafi ekki verið mjög mikið í samfélaginu hafi álagið á sjúkrahús verið töluvert mikið. Ýmsar takmarkanir hafi verið á daglegt líf og reynt sé að aflétta því eins og hægt er en Þórólfur sagði mikilvægt að slíkt gerðist hægt og bítandi svo faraldurinn færi ekki upp að nýju. Áætlanir sem heilbrigðisráðherra kynni í dag séu mikilvægt fyrsta skref, er ljóst að margir bindi vonir við að ýmsu verði hægt að aflétta. Hins vegar sé mikilvægt að fara okkur hægt í því að aflétta því stór hópur í samfélaginu sé enn móttækilegur fyrir sýkingunni. Mikilvægt sé að vernda Íslendinga fyrir sýkingum að utan og ýmsar hugmyndir um hvernig hægt verði að takmarka á einhvern hátt ferðir ferðamanna hingað til lands og ferðir Íslendinga líka, minnug þess að faraldurinn sé að mestu leyti tilkominn vegna ferða Íslendinga erlendis, ekki erlendra ferðamanna.

Þórólfur hvatti almenning til að halda áfram samstöðu og þeirri góðu vinnu sem hefur verið – „Samtakamáttur okkar og almennings verður lykillinn að því að við getum staðið upp og sigrast á þessari veirusýkingu,“ sagði Þórólfur.

## Upplýsingamiðlun og verkefni


### Í Samhæfingarstöð almannavarna fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf á landsvísu vegna COVID-19.

**Rauði krossinn.** Vegna álags á Hjálparsíma Rauða krossins 1717 og netspjallið 1717.is [hefur félagsmálaráðuneytið](#) ákveðið að styðja við þjónustuna. Stuðningurinn mun efla Hjálparsímann og netspjallið í að sinna meðal annars fjölskyldum, börnum og ungmennum, fötluðu fólki öldruðum og fólki af erlendum uppruna á þeim fordæmalausu tímum, sem nú eru uppi. Símtöl í 1717 hafa þrefaldast samanborið við það, sem áður var. Símtölin eru nú bæði lengri og þyngri.

### Vefurinn [www.covid.is](http://www.covid.is)

Upplýsingar um tölfræði sjúkdómsins eru uppfærðar einu sinni á dag og birtar kl. 13:00 á vefsvæðinu covid.is. Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um aðgerðir hér á landi vegna sjúkdómsins sem veldur COVID-19.


### Netspjall Heilsuvera.is páskavikan 7.-13. apríl



### Framundan:


- Upplýsingafundir fyrir fjölmiðla eru áætlaðir alla daga kl. 14:03.
- Næsti stöðufundur vegna COVID-19 er áætlaður miðvikudaginn 15. apríl 2020 kl. 9:00.

Heildartölur




Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru átta látin.

Fjöldi virkra smita og þeirra sem er batnað




Fjöldi smita



[Download data](#)

Þegar gefnar eru út upplýsingar um hve smituðum hefur fjölgað mikið frá deginum áður er það ekki alltaf svo að sambærileg tala birtist í sílu dagsins. Ástæðan er sú að birting upplýsinga um smit taka mið af því hvenær sýnið var tekið en ekki hvenær það var greint.

## Fjöldi sýna




## Smit / sóttkví eftir landshlutum



	Smit	Sóttkví
Höfuðborgarsvæði	1232	1536
Suðurnes	77	108
Suðurland	168	228
Austurland	7	26
Norðurland eystra	47	92
Norðurland vestra	35	18
Vestfirðir	73	280
Vesturland	30	56
Óstaðsett	50	159
Útlönd	1	0

Download data


## Fjöldi virkra smita eftir aldri, fjöldi þeirra sem hefur náð sér og andlát



## Fjöldi smita eftir kyni




## Uppruni smits



## Hlutfall smitaðra sem greinast í sóttkví

**54%**

þeirra sem hafa greinst voru í sóttkví



## Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá **um 1,934,583 einstaklingum** samkvæmt John Hopkins og **um 120,914 einstaklingur** er látinn. Þá hafa **464,995 einstaklegar náð** sér eftir veikindin. Skv. ECDC er faraldurinn meðalstór fyrir hrausta einstaklinga en mikil lýðheilsu-ógn fyrir aldraða og einstaklinga með undirliggjandi sjúkdóma. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu \(ECDC\)](https://www.ecdc.europa.eu/) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. Sjá áhættumat ECDC.